

Fundargerð stjórnar FHD 03.10.16

Fundarstaður Kópavogsbakki

Fundartími : 19:00 – 21:45

Mættir voru : Albert Steingrímsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Unnur A Unnsteinsdóttir og Þorsteinn Friðriksson

1. Sett niður tillaga að dagskrá veiðiprófa 2017. Gerum ráð fyrir að “stóru próf” deildarinnar, þ.e. Ellaprófið, Kaldaprófið og Áfangafellsprófin verði á svipuðum tíma og í ár. Að auki leggjum við til eitt minna próf verði haldið á virkum degi, stefnum að því að eitt láglandispróf verði haldið og tvö sækipróf eitt í júlí og annað í ágúst. Tillögurnar verða sendar til fulltrúa deildarinnar í veiðiprófsnefnd HRFÍ.
2. Gagnlegt væri að halda fund með veiðiprófsdómurum deildarinnar, boðum þá á fund seinnipart október mánaðar.
3. Fara yfir farandbikara deildarinnar og gera skjal til að setja á heimasíðuna um hvað þarf til að öðlast þá bikara.
4. Gera þarf lagfæringar á heimasíðunni sem vefsíðustjórinn okkar mun gera.
5. Sú nýjung að einungis formenn deilda eru boðaðir á fulltrúaráðsfundi gera okkur erfitt fyrir, stjórn ákveður að Unnur taki sæti varaformanns deildarinnar sem mun taka við formennsku í fjarveru formanns.
6. Tegundakynning verður í Garðheimum helgina 8. – 9. október, FHD verður með bás og er vinna hafin við að manna básinn.
7. Stjórn hyggst standa fyrir opnum húsum í Sólheimakoti eftir áramót, verðum á sunnudögum og verður fyrsta opna húsið opinn félagsfundur fyrir deildarmeðlimi.
8. Nokkuð verið talað um að vanti upplýsingar um hvað er að gerast í deildinni, munum setja inn fréttamola á heimasíðuna til að upplýsa um áformaða viðburði og aðrar fréttir.
9. Ársfundur deildarinnar verður haldinn í lok janúar 2017, hyggjumst halda þorablót og heiðrun stigahæstu hunda í beinu framhaldi af ársfundi.
10. Fóðurauglýsingar á fb síðu deildarinnar, til að virða okkar stærsta styrktaraðila þurfum við að vera vakandi yfir því að ekki birtast myndir sem auglýsa aðrar vörur en þær sem styrktaraðili okkar selur.
11. Þegar viðburðir eru haldnir á vegum deildarinnar eða félagsins munum við búa til myndaalbúm fyrir viðburðinn á fb til að halda öllum myndum viðburðarins saman á einum stað.

Fleira ekki gert

Fundargerð ritaði GG.